

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/865
komudagur 27.1.2003

Nefndasvið Alþingis
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2003.

Efni: Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952 (tvöfaldur ríkisborgararéttur), þskj. 246 – 242. mál, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og fylgir hér umsögn nefndarinnar.

Það er mat Laganefndar, að ákvörðun um að fella niður 7. grein laga nr. 100/1952 þannig að ekki sé lengur að lögum girt fyrir tvöfaldan ríkisborgararétt, sé fyrst og fremst pólitísku eðlis. Það er ekki í hlutverki laganefndar sem umsagnaraðila um lagafrumvörp að taka afstöðu til álitamála, sem eru í eðli sínu eingöngu stjórnmalalegs eðlis. Ekki verður séð, að sérstök lagaleg álitæfni vakni við þessa breytingu, verði hún að lögum, og sér laganefnd því ekki ástæðu til að fjalla um þetta meginefni frumvarpsins. Verði þessi breyting að lögum, er í frumvarpinu þ rugðist við nauðsynlegum breytingum á öðrum greinum núgildandi laga og eru ekki gerðar athugasemdir við þær af hálfu laganefndar.

Laganefnd sér ekki heldur tilefni til að fjalla um þær greinar frumvarpsins, sem lúta að öðru en tvöföldum ríkisborgararétti.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller hrl.
formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Alþingi

Erindi nr. P 128/859

komudagur 24.1.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952 (tvöfaldur ríkisborgararéttur. Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-2003.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður frumvarp þetta og telur að í því felist mikil réttarbót fyrir íslenska ríkisborgara, enda frumvarpið í samræmi við lagaþróun á Norðurlöndunum.

Virðingarfyllt
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands
Reykjavík 22. janúar 2003-01-22